SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

REGLUR UM KJÖR ÍÞRÓTTAMANNS ÁRSINS OG SJÁLFBOÐALIÐA ÁRSINS Í SVEITARFÉLAGINU VOGUM

1. gr.
Markmið

Markmið reglna þessara er að heiðra einstaklinga sem hafa skarað fram úr í íþróttum eða lagt fram ómetanlegt framlag til íþrótta-, frístunda- og menningarstarfs í Sveitarfélaginu Vogum.

Með viðurkenningunum vill sveitarfélagið stuðla að öflugu íþrótta- og félagsstarfi, hvetja til jákvæðrar þátttöku í samfélaginu og vekja athygli á mikilvægi sjálfboðaliðastarfs.

Árlega skulu veittar eftirfarandi viðurkenningar:

1. Íþróttamaður ársins í Sveitarfélaginu Vogum.
2. Sjálfboðaliði ársins í Sveitarfélaginu Vogum.
3. Hvatningarverðlaun

2. gr.
Umsjón og ábyrgð

Frístunda- og menningarnefnd Sveitarfélagsins Voga hefur umsjón með vali á íþróttamanni ársins, sjálfboðaliða ársins og hvatningarverðlaunum.

Nefndin ber ábyrgð á að auglýsa eftir tilnefningum, meta þær í samræmi við reglur þessar og taka endanlega ákvörðun um val viðurkenningarhafa.

3. gr.
Réttur til tilnefninga

Rétt til að tilnefna einstaklinga til viðurkenninganna hafa:

- Íbúar Sveitarfélagsins Voga.
- Íþróttafélög og önnur félagasamtök sem starfa í sveitarfélaginu.
- Aðrir aðilar sem hafa þekkingu á störfum eða árangri viðkomandi einstaklings.
- Frístunda- og menningarnefnd Sveitarfélagsins Voga.

Frístunda- og menningarnefnd er heimilt að leggja fram eigin tilnefningar, óháð þeim tilnefningum sem berast frá öðrum aðilum.

Allar tilnefningar skulu metnar á jafnræðisgrundvelli, óháð því hver leggur þær fram.

4. gr.
Framlagning tilnefninga

Auglýsa skal opinberlega eftir tilnefningum á miðlum sveitarfélagsins og tilgreina skilafrest.

Tilnefningar skulu berast skriflega með þeim hætti sem sveitarfélagið auglýsir hverju sinni.

Hverri tilnefningu skal fylgja greinargerð þar sem fram koma upplýsingar um viðkomandi einstakling og rökstuðningur fyrir tilnefningunni.

Frístunda- og menningarnefnd er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum eða gögnum til stuðnings tilnefningum.

Íþróttamaður ársins

5. gr.
Skilyrði tilnefningar

Tilnefndur einstaklingur til íþróttamanns ársins skal hafa náð 16 ára aldri á því almanaksári sem viðurkenningin tekur til.

Þó er heimilt að tilnefna einstaklinga á aldrinum 14–16 ára sem keppa í flokki fullorðinna og hafa náð framúrskarandi árangri í sinni íþróttagrein.

Tilnefndur einstaklingur skal uppfylla að minnsta kosti annað eftirfarandi skilyrða:

- Eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum.
- Keppa fyrir hönd íþróttafélags sem starfar í Sveitarfélaginu Vogum.

6. gr.
Forsendur fyrir vali á íþróttamanni ársins

Við val á íþróttamanni ársins skal frístunda- og menningarnefnd leggja heildstætt mat á eftirfarandi þætti:

1. **Íþróttaárangur:** Árangur einstaklings á því almanaksári sem viðurkenningin tekur til, meðal annars í mótum, keppnum og öðrum viðurkenndum íþróttaviðburðum.
2. **Framfarir og metnaður:** Ástundun, framfarir, eljusemi og metnaður viðkomandi í íþrótt sinni.
3. **Íþróttamannsleg hegðun:** Háttvísi, reglusemi, virðing fyrir öðrum og jákvæð framkoma innan vallar sem utan.
4. **Fyrirmyndarhlutverk:** Jákvæð áhrif einstaklings á íþróttastarf og samfélagið.

Við valið skal íþróttaárangur vega þyngst, en jafnframt skal tekið tillit til annarra framangreindra þátta.

7. gr.
Val á íþróttamanni ársins

Frístunda- og menningarnefnd velur einn einstakling sem hlýtur titilinn íþróttamaður ársins.

Nefndin skal byggja ákvörðun sína á fyrirliggjandi tilnefningum, greinargerðum og öðrum viðeigandi upplýsingum.

Öllum einstaklingum sem hljóta gilda tilnefningu skal veitt viðurkenning fyrir tilnefninguna.

Sjálfboðaliði ársins

8. gr.
Tilgangur viðurkenningarinnar

Viðurkenningin sjálfboðaliði ársins er veitt einstaklingi sem hefur með óeigingjörnu framlagi sínu, frumkvæði eða langvarandi þátttöku haft jákvæð og mikilvæg áhrif á íþrótta-, frístunda- eða menningarstarf í Sveitarfélaginu Vogum.

Viðurkenningunni er ætlað að vekja athygli á mikilvægi sjálfboðaliða og þakka þeim sem leggja sitt afmörkum til að efla samfélagið.

9. gr.
Skilyrði tilnefningar

Tilnefndur einstaklingur skal hafa lagt fram sjálfboðaliðastarf sem tengist íþrótta-, frístunda- eða menningarstarfi í Sveitarfélaginu Vogum.

Ekki er gerð krafa um að viðkomandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu, enda hafi framlag hans haft jákvæð áhrif á starfsemi eða samfélag sveitarfélagsins. Viðurkenningin er ætluð einstaklingum sem hafa lagt sitt af mörkum án þess að fjárhagsleg umbun sé megintilgangur starfsins.

10. gr.
Forsendur fyrir vali á sjálfboðaliða ársins

Við val á sjálfboðaliða ársins skal frístunda- og menningarnefnd meðal annars líta til eftirfarandi þátta:

1. **Framlag til samfélagsins:** Umfangs og mikilvægis sjálfboðaliðastarfs viðkomandi.
2. **Áhrif á starfsemi:** Jákvæðra áhrifa einstaklings á íþrótta-, frístunda- eða menningarstarf í sveitarfélaginu.
3. **Frumkvæðis og eljusemi:** Vilja og getu til að taka þátt í verkefnum, sýna frumkvæði og leggja öðrum lið.
4. **Fyrirmyndarhlutverks:** Jákvæðrar framkomu, samstarfsvilja og hvatningar til samfélagsþátttöku.
5. **Langvarandi eða sérstaks framlags:** Hvort einstaklingur hafi unnið mikilvægt starf um árabil eða lagt fram sérstakt og eftirtektarvert framlag á því ári sem viðurkenningin tekur til.

Viðurkenninguna má veita fyrir einstakt framlag á liðnu ári eða fyrir langvarandi og óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

11. gr.
Val á sjálfboðaliða ársins

Frístunda- og menningarnefnd velur einn einstakling sem hlýtur titilinn sjálfboðaliði ársins.

Valið skal byggjast á heildstæðu mati á framlagi viðkomandi samkvæmt 10. gr. reglnanna.

Hvatningarverðlaun

12. gr.
Hvatningarverðlaun.

Öllum íþróttafélögum og einstaklingum í Vogum er heimilt að tilnefna einstaklinga eða hópa til hvatningarverðlauna. Verðlaunin skulu veitt einstaklingi eða hópi sem sýnir áhuga, góða ástundun og hegðun innan vallar sem utan, stuðlar að góðum félagsanda og er öðrum ungmennum góð fyrirmynd.

13. gr.

Lágmarksaldur hvatningarverðlauna er 10 ára, hámarksaldur er 16 ára.

14. gr.

Tilnefningum til hvatningarverðlauna skal fylgja ítarleg greinargerð samanber 4. grein þessara reglna.

15. gr.

Val á þeim sem hljóta hvatningarverðlaun er í höndum Frístunda- og menningarnefndar.

Sameiginleg ákvæði

16. gr.
Málsmeðferð og vanhæfi

Frístunda- og menningarnefnd skal gæta jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða við mat á tilnefningum og val viðurkenningarhafa.

Við meðferð tilnefninga skulu nefndarmenn gæta að reglum um hæfi samkvæmt gildandi lögum og samþykktum sveitarfélagsins.

Nefndarmenn sem teljast vanhæfir til meðferðar tiltekinnar tilnefningar skulu ekki taka þátt í umfjöllun eða ákvörðun um viðkomandi einstakling.

17. gr.
Ákvörðun og kynning

Ákvörðun um val viðurkenningarhafa skal tekin á fundi frístunda- og menningarnefndar og bókuð í fundargerð.

Nefndin skal gæta trúnaðar um tilnefningar og umræður við valið þar til niðurstaða hefur verið kynnt opinberlega.

Viðurkenningarhafar skulu kynntir með viðeigandi hætti á miðlum sveitarfélagsins.

18. gr.
Afhending viðurkenninga

Miðað skal við að viðurkenningar fyrir íþróttamann ársins og sjálfboðaliða ársins verði afhentar árlega, að jafnaði í janúar, fyrir liðið almanaksár.

Viðurkenningarnar skulu afhentar við hátíðlega athöfn á vegum sveitarfélagsins.

Frístunda- og menningarnefnd er heimilt að ákveða aðra tímasetningu ef aðstæður kalla á það.

15. gr.
Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga.

Við gildistöku þeirra falla úr gildi eldri reglur um kjör íþróttamanns ársins í Sveitarfélaginu Vogum, samþykktar í bæjarstjórn 27. maí 2020.

Samþykkt á fundi frístunda- og menningarnefndar Sveitarfélagsins Voga þann 22. október 2026.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga þann 17. nóvember 2026